

**Ed.**

**709. Frumvarp til laga**

[98. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

- c. Skipstjórnarmönnum og vélamönnum ber að afla á 5 ára fresti læknisvottorða þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

**2. gr.**

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt, þegar skortur er á skipstjórnarmönnum og vélstjórum, að veita undanþágu frá skilyrðum laga þessara til skipstjórnar- og vélstjórastarfa, enda sé áður leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarféлага eða sambanda þeirra.

**3. gr.**

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætast ný ákvæði, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal nú þegar skipa nefnd til þess að endurskoða og samræma öll lög og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra á íslenskum skipum. Skulu stéttarfélag mótórvélstjóra og vélstjóra eiga fulltrúa í þeirri nefnd. Skal nefnd þessi hafa lokið endurskoðun og skilað álit til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. jan. 1950. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.